

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 221/1993.

Páll Davíðsson

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Steinþóri Hlökkverssýni og

Ragnheiði Steinsen

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

og gagnsök

Gatnagerðargjald. Kaupsamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1993. Hann krefst þess, að gagnáfrýjendur verði in solidum dæmd til að greiða 225.424 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, af 90.000 krónum frá 20. mars 1991 til 15. júlí 1991, en af 225.424 krónum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 23. júlí 1993. Þau krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að þeim verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefjast þau málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti hélt aðaláfrýjandi því fram, að gagnáfrýjendum hefði borið að krefjast viðurkenningar á „meintrí skaðabótakröfu sinni“ og „á rétti sínum til að halda eftir eigin greiðslu eða til að skuldajafna“. Gagnáfrýjendur mótmæltu þessum „málsástæðum“ sem of seint fram komnum.

Svo sem greint er í héraðsdómi, byggðu stefndu í héraði sýknukröfu sína á því, að þeim hefði verið heimilt að skuldajafna greiðslu sinni til Bessastaðahrepps á hinu umdeilda B-gatnagerðargjaldi við kröfur stefnanda, og er þar tekið fram, að ekki hafi verið tölulegur ágreiningur í málinu. Er ekki að sjá, að af hálfu stefnanda hafi í héraði verið bornar brigður á þessa framsetningu stefndu á kröfum sínum. Kemur hún því ekki til sérstakrar skoðunar fyrir Hæstarétti.

Málavextir eru raktir í héraðsdómi. Svo sem þar kemur fram, var lagt fram bréf Bessastaðahrepps 11. mars 1992, þar sem fram kemur að við gerð fjárhagsáætlunar, sem hafi endanlega verið samþykkt 12. mars 1990, hafi verið ákveðið „að ráðast í framkvæmdir við götuna Smáratún og innheimta gatnagerðargjald, B-hluta, í samræmi við áður útgefna stefnumörkun hreppsnefndar“. Eigi verður séð, að upplýsingar um þessa ákvörðun sveitarstjórnar hafi út af fyrir sig verið dregnar í efa af hálfu aðaláfrýjanda við málsmeðferð í héraði. Fyrir liggur og í skjölum málsins, að einn íbúi Smáratúns hefur greitt gatnagerðargjald þetta, 218.662 krónur, 20. maí 1990. Fallast ber því á með héraðsdómara, að nægilega sé í ljós leitt af gagnáfrýjenda hálfu, að álagning gjaldsins hafi í raun farið fram á árinu 1990, áður en kaupsamningur aðila var gerður 18. desember sama ár.

Í kaupsamninginn var sett svofellt ákvæði að beiðni gagnáfrýjenda: „Öll álögð gjöld vegna byggingarinnar eru á kostnað seljanda.“ Ákvæði þetta ber að skýra samkvæmt orðanna hljóðan, og samkvæmt því var greiðsla B-gatnagerðargjaldsins á ábyrgð aðaláfrýjanda, en ekki gagnáfrýjenda. Að þessu athuguðu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Páll Davíðsson, greiði gagnáfrýjendum, Steinþóri Hlöðverssyni og Ragnheiði Steinsen, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 14. apríl 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. mars 1993, hefur Páll Davíðsson, kt. 231043-2099, Stakkholti 3, Reykjavík, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness með stefnu, birtri 10. 12. 1992, á hendur Steinþóri Hlöðverssyni, kt. 121062-4299, og Ragnheiði Steinsen, kt. 130363-4319, báðum til heimilis að Smáratúni 13, Bessastaðahreppi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að

greiða stefnanda 225.424 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 90.000 kr. frá 20. mars 1991 til 15. júlí 1991, en af 225.424 kr. frá þeim degi til greiðsludags [...], og að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda málskostnað [...].

Stefnandi skuldbindur sig til að gefa stefndu afsal fyrir fasteigninni nr. 13 við Smáratún í Bessastaðahreppi, um leið og allar skuldir hafa að fullu verið upp gerðar.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði alsýknuð af öllum kröfum stefnanda og hann dæmdur til að greiða þeim málskostnað [...].

II.

Með kaupsamningi, dagsettum 18. 12. 1990, keyptu stefndu, Steinþór og Ragnheiður, fasteignina nr. 13 við Smáratún í Bessastaðahreppi af stefnanda, Páli.

Mál þetta snýst um það, hvort seljanda eða kaupanda eignarinnar beri að greiða svokallað B-gatnagerðargjald, sem Bessastaðahreppur krafði og stefndu greiddu 20. 9. 1991, en fyrir gjaldinu var lögveð í eigninni, og stefnandi synjaði um greiðslu þess.

Ekki er tölulegur ágreiningur í málinu. Stefnumkrafan sundurliðast þannig:

Greiðsla samkvæmt kaupsamningi, er gjaldféll

15. júlí 1991	kr.	135.424
Húsaleiga, er stefndu áttu að greiða samkvæmt kaupsamningi 20. mars 1991	kr.	90.000
	Samtals stefnumkrafan	kr. 225.424

Stefndu vilja skuldajafna greiðslu til Bessastaðahrepps

6. ágúst 1992	kr.	233.010
Neikvæður mismunur, ekki er gagnstefnt	kr.	-7.586
	Kr.	225.424

Í greinargerð stefndu segir svo:

„Ef reynt er að einangra álítaefnið, snýst það eingöngu um það, hvor aðila málsins eigi að greiða B-gatnagerðargjaldið. Ef það eru stefndu, verður ekki annað séð en dæma verði þau til að greiða kröfur stefnanda, en ef það er stefnandi, verður ekki annað séð en sýkna verði stefndu af kröfum hans, og í framhaldi mun stefnandi væntanlega gefa út afsal fyrir eigninni, sbr. yfirlýsingu í stefnu.“

III.

Stefnandi málsins, Páll Davíðsson, eignaðist Smáratún 13 í október 1988, en fékk eignina þó ekki afhenta fyrr en um ári síðar. Stefndu gerðu

stefnanda tilboð í eignina 9. desember 1990. Eignin var ekki fullgerð, og í tilboðinu segir m. a. eftirfarandi:

„Tilboð þetta miðast við, að bílskúrin sé foheldur með slípaðri plötu og lóð grófjöfnuð. Gluggar klárast að innan, hurðir fylgja með, loftlistar fylgja, og öll álögð gjöld verði á kostnað seljanda.“

Finnbogi Kristjánsson, sölumaður í fasteignasölnunni Húsvangi, aðstoðaði stefndu við tilboðsgerð. Þar eð ekki var fullljóst, hvaða gjöld hvíldu á eigninni, fór stefnandi á skrifstofu hreppsins, fékk sundurliðað, hverjar skuldir væru, greiddi þær og kom kvittun fyrir greiðslu á skrifstofu Húsvangs, fasteignasölu, áður en gengið yrði frá kaupsamningi. Hinn 18. desember var skrifað undir samning. Stefndu skuldbundu sig til þess að greiða samtals 11.400.000 kr., m. a. með eftirfarandi hætti skv. A-kafla kaupsamnings:

1. Við undirskrift samnings	kr.	400.000
Afhendingu á íbúð að Digranesvegi 56, Kópavogi ..	kr.	3.593.752
2. Hinn 1. febrúar 1991	kr.	454.392
3. Hinn 15. júlí 1991	kr.	135.424

Stefndu skuldbundu sig til þess að taka að sér greiðslur áhvílandi lána, og samið var um, að þau greiddu stefnanda leigu fyrir íbúðina að Digranesvegi 56, samtals 90.000 kr., og átti sú greiðsla að fara fram 20. mars 1991.

Í kaupsamningi segir m. a. um nánari lýsingu byggingarstigs:

„Öll álögð gjöld vegna byggingarinnar eru á kostnað seljanda.“

Viðar Böðvarsson, viðskiptafræðingur hjá Húsvangi, gekk frá kaupsamningi og tók ákvæði þetta beint upp úr kauptilboði, og er ósannað, að það hafi verið frekar rétt.

Í kaupsamningi er auk þess prentað ákvæði þess efnis, að kaupandi hirði frá afhendingartíma allan arð eignarinnar og greiði af henni skatta og skyldur, en seljandi til sama tíma. Afhending fór fram tveimur dögum eftir undirritun kaupsamnings.

Stefndu hafa borið það fyrir sig, að ógreidd séu svokölluð B-gatnagerðargjöld af eigninni. Telja þau, að greiðsla þessara gjalda sé á ábyrgð stefnanda, og því sé þeim heimilt að halda eftir áður nefndum greiðslum skv. kaupsamningi.

Stefndu benda á, að í kaupsamningi stefnanda, þegar hann eignaðist fasteignina 16. okt. 1988, komi m. a. fram, að kaupandi greiði tiltekin gjöld, sem ekki eru tiltekin í hlut seljanda. Þar sem A-hluti gatnagerðargjalda sé þar sérstaklega talinn upp á kostnað seljanda, hafi stefnanda mátt vera ljóst, að B-hlutinn væri eftir á hans kostnað. Hann hafi ekki greitt hann, er hann seldi stefndu eignina, og hafi hann því átt að gera þeim sérstaka grein fyrir því. Það hafi hann ekki gert. Stefndu hafi hins vegar haft hugmynd um, að

hugsanlegt væri, að einhver gjöld gætu verið á lögð, en ógreidd, og því krafist þess, að inn í kaupsamning aðila yrði settur fyrirvari um, að öll álögð gjöld vegna byggingarinnar væru á kostnað seljanda. Þegar kaupin fóru fram 18. des. 1990, hafi malbikun götunnar verið lokið og búið að setja upp götulýsingu og steypa gangstétt öðrum megin. Eftir var að steypa gangstéttina hinum megin.

Stefndu fengu eignina afhenta 20. desember 1990. Hinn 7. maí 1991 skrifaði Sigurður Valur Ásbjarnarson, sveitarstjóri Bessastaðahrepps, stefnda Steinþóri bréf um framkvæmdir við Smáratún. Segir þar, að Bessastaðahreppur muni innheimta B-gatnagerðargjald síðar í mánuðinum, en „gjaldið er lagt á á því ári, sem framkvæmdum lýkur“. Hinn 18. júní 1991 sendi sveitarstjóri stefnanda, Páli, bréf að Smáratúni 13, um, að framkvæmdum myndi ljúka sumarið 1991, og segir m. a. í bréfi þessu: „Gjaldið er lagt á frá og með 1. ágúst 1991.“ Hinn 5. september 1991 sendi skrifstofustjóri hreppsins stefnanda ítrekunarbréf að Smáratúni 13 um innheimtu B-gatnagerðargjalda vegna framkvæmda við gangstétta- og slitlagagerð á árinu 1990 og 1991 og bendir á, að „uppgjör skyldi hafa farið fram fyrir 1. ágúst 1991“.

Frekari samtímabréf eða tilkynningar frá sveitarstjórn Bessastaðahrepps til eigenda eigna við Smáratún, segja málsaðilar, að ekki hafi fundist.

Þegar kaupendur fengu upplýsingar um það frá hreppnum, að B-hluti gatnagerðargjalds væri ógreiddur vegna hússins, rituðu þau stefnanda bréf 13. 5. 1991 og kröfðust þess, að hann greiddi þetta gjald. Jafnframt útveguðu stefndu sér gögn frá hreppnum, þar sem fram kom, að hreppurinn hafði greitt Loftorku hf. að fullu fyrir gatnagerðarframkvæmdirnar 12. okt. 1990. Í umræddu bréfi stefndu frá 13. 5. 1991 segir:

„Með bréfi þessu viljum við senda þér ljósrít af bréfi og reikning frá sveitarstjóra Bessastaðahrepps vegna ágreinings, hver greiða skuli gatnagerðargjöld.“

Í fyrsta lagi teljum við, að seljandi eigi að greiða gatnagerðargjöldin, þar sem framkvæmdir við slitlag og gangstéttir var unnið á tímabilinu júlí-ágúst og þar með lokið, er við kaupum Smáratún 13.

Í öðru lagi létum við sérstaklega taka fram í kaupsamningi, að öll álögð gjöld séu á kostnað seljanda.

Og í þriðja lagi er hvergi tekið fram í kaupsamningi, að gatnagerðargjöld séu ógreidd.“

Stefnandi hefur frá upphafi harðlega mótmælt því, að honum beri að greiða umrædd B-gatnagerðargjöld.

Eftir að deilan í máli þessu var risin, óskuðu stefndu tæmandi upplýsinga

sveitarstjóra um það, hvernig álagning hins umþrætta gjalds hefði farið fram. Í svarbréfi sveitarstjóra, dags. 11. 3. 1992, segir:

„Vegna fyrirspurnar þinnar, er varðar álagningu gatnagerðargjalda, vill undirritaður taka eftirfarandi fram:

Sveitarfélagið tilkynnti íbúum allra gatna, á hvaða ári farið yrði í framkvæmdir við slitlagagerð. Þessi yfirlýsing er sett fram á árinu 1987.

Við gerð fjárhagsáætlunar, sem var endanlega samþykkt 12. mars 1990, var ákveðið að ráðast í framkvæmdir við götuna Smáratún og innheimta gatnagerðargjald, B-hluta, í samræmi við áður útgefna stefnumörkun hreppsnefndar. Þar sem ekki var hægt að ljúka við framkvæmdina á því ári, var ákveðið að fresta innheimtu á álögdðu gjaldi fram yfir framkvæmdirnar. Þetta var gert, en þó er rétt að geta þess, að fáeinir gengu frá gjaldinu haustið 1990.

Málsmeðferð slíkra mála hefur verið sú, að seljandi taki fram í afsali, að gjaldið sé ógreitt. Fasteignasali spyrst einnig fyrir um það hjá skrifstofu Bessastaðahrepps, hvort eign, sem er í sölumeðferð, sé skuldlaus við sveitarfélagið.

Gjaldið mátti greiða 1/4 út og eftirstöðvar á fjórum árum.“

Með bréfi, dags. 26. mars 1992, óskaði lögmaður stefndu skýringa á misræmi í bréfum sveitarstjóra varðandi það, hvenær álagning hefði farið fram. Sveitarstjóri svaraði með bréfi, dags. 31. mars 1992, og segir þar m.a.: „Álagning fór fram á árinu 1990. Bréfið 18. júní 1991 segir til um innheimtu á gjaldinu og hvernig megi greiða það. Eins og fram kemur í bréfum þessum, var ekki hægt að innheimta gjaldið, fyrr en framkvæmdum var lokið (sjá reglugerð).“

Til stuðnings þeirri frásögn sveitarstjóra, að fáeinir hafi gengið frá gjaldinu haustið 1990, hafa stefndu lagt fram kvittun Bessastaðahrepps til nábúa sinna, eiganda Smáratúns 8, dagsetta 20. 9. 1990, fyrir greiðslu B-hluta gatnagerðargjalds. Telja þau þessa kvittun sýna, svo að eigi verði um villst, að gjaldið hafi þá verið á lagt, þ. e. fjárhæð ákvörðuð og gjalddagi í merkingunni lausnardagur kominn, þótt gjalddagi í merkingunni eindagi væri þá enn ókominn.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á ákvæðum í kaupsamningi aðila. Telur hann, að skv. ákvæðum laga um gatnagerðargjöld og reglugerð nr. 521/1980 um gatnagerðargjöld í Bessastaðahreppi sé ljóst, að B-gatnagerðargjöld verði ekki lögð á gjaldendur, fyrr en framkvæmdum við götur og gangstéttar sé lokið. Stefnandi mótmælir því harðlega, að hann hafi vitað af væntanlegri álagningu gjaldanna, og mótmælir, að þetta hafi verið rætt við kaupsamningsgerð.

Varðandi túlkun á ákvæði kaupsamnings um greiðslu allra álagðra gjalda

bendir stefnandi einnig á, að stefndu greiddu mótbáruleaust álagt skipulagsgjald af eigninni. Gjald þetta var lagt á 2. september 1991 og greitt 6. desember sama ár. Það sé því ekki svo, að stefndu hafi mátt gera ráð fyrir, að öll opinber gjöld vegna hússins væru greidd. Stefnandi telur því ljóst, að hann eigi aldrei að greiða B-gatnagerðargjöld vegna eignarinnar, auk þess sem hann telur, að skiptar skoðanir séu meðal fræðimanna um lögmati álagningar slíkra gjalda yfirleitt miðað við fyrirkomulag ákvæða í settum lögum.

Kröfur sínar kveðst stefnandi styðja við meginreglur samningalaga um skuldbindingargildi og túlkun samninga með hliðsjón af 28. gr. kaupalaga nr. 39/1922 og óskráðar reglur kröfuréttar. Einnig bendir stefnandi á ákvæði laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sérstaklega 3., 5. og 6. gr. laganna, svo og reglugerð nr. 521/1980 um gatnagerðargjöld í Bessastaðahreppi, sérstaklega 6. og 7. gr. reglugerðarinnar.

IV.

Álit dómsins.

Heimild til handa sveitarstjórnnum til þess að leggja á gatnagerðargjald er að finna í lögum nr. 51/1974. Þar er greint á milli hins almenna gatnagerðargjalds skv. 1. gr. laganna, er má nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum og slitlagi og gert er ráð fyrir, að innheimt sé, áður en byggingarleyfi er veitt, og sérstaks gatnagerðargjalds skv. 3. gr., sem eingöngu skal varið til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta og því aðeins má leggja á, að ekki hafi áður verið innheimt gjald af viðkomandi fasteign, sem ætlað hafi verið a. m. k. að hluta til bundins slitlags.

Heimilt er skv. 4. gr. laganna að innheimta hið sérstaka gjald næstu 5 árin, eftir að slitlag var sett eða gangstétt lögð, og má það nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir. Það er skv. 2. mgr. 6. gr. laganna þá fyrst „gjaldkræft, þegar lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutað-eigandi götu er lokið“.

Reglugerð nr. 521/1980 um gatnagerðargjöld í Bessastaðahreppi var sett með stöð í 1. gr. nefndra laga. Í 2. gr. reglugerðarinnar segir: „Gatnagerðargjöld eru tvenns konar: A-gjald, sem er vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögnum, og B-gjald, sem er vegna þátttöku lóðarhafa í að gera bundið slitlag á götu svo og ganga endanlega frá gangstétt.“

Í 3. gr. reglugerðarinnar er ákvæði um álagningarstofn A-gjaldsins. Fjárhæð þess er á verðlagi 1. ágúst 1979 3 millj. kr. fyrir íbúðarhús ásamt bíl-

geymslu, að stærð samtals allt að 700 rúmmetrum og lóð allt að 1300 fermetrum, síðan til viðbótar 4.000 kr. fyrir hvern umframrúmmetra byggingar og 2.000 kr. fyrir hvern umframfermetra lóðar. Fjárhæðir þessar eru miðaðar við byggingarvísitölu 1. ágúst 1979 og breytast með henni, sbr 5. gr. rg.

Í 6. gr. reglugerðarinnar eru ákvæði um álagningarstofn og fjárhæð B-gjaldsins. Fjárhæð þess skal einfaldlega vera 20% af því A-gjaldi, sem greiðast myndi af byggingu og lóð á þeim tíma, þegar lagning bundins slitlags og gangstéttar fer fram, miðað við meðalvísitölu á verktímanum.

Samkvæmt yfirlýsingu sveitarstjórans í Bessastaðahreppi tilkynnti sveitarfélagið árið 1987 „Íbúum allra gatna, á hvaða ári farið yrði í slitlagagerð“, og „við gerð fjárhagsáætlunar, sem endanlega var samþykkt 12. mars 1990, var ákveðið að ráðast í framkvæmdir við götuna og innheimta gatnagerðargjald, B-hluta, í samræmi við áður gerða stefnumörkun hreppsnefndar“.

Samkvæmt þessu liggur eftirfarandi fyrir:

Með samþykkt fjárhagsáætlunar 12. mars 1990 ákvað hreppsnefnd endanlega að ráðast í framkvæmdir við götuna Smáratún og innheimta gatnagerðargjald, B-hluta.

Gjaldstofn lá fyrir, að því er varðaði húsið nr. 13 við Smáratún, þ. e. 20% áður innheimts A-gjalds, verðbætt. Aðilar máls þessa hafa ekki gert við það athugasemdir, að sveitarstjórn hafi verið heimilt að miða fjárhæð gjaldsins við byggingarvísitölu á greiðsludegi B-gjalds, og því er ekki haldið fram, að gjaldið þannig álagt hafi farið fram úr meðalkostnaði við framkvæmdir. Við kaupsamning var lausnardagur kominn, en ekki eindagi, því að samkvæmt 2. mgr. 6. gr. umræddra laga var gjaldið þá fyrst gjaldkræft, þegar lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu væri lokið.

Er málsaðilar gerðu kaup sín í desember 1990, var hið umþrætta gatnagerðargjald því á lagt, greiðsluskylda og fjárhæð á þeim degi lá fyrir, en ekki gjaldfallið.

Í tilboði kaupanda var kveðið svo á, að „öll álögð gjöld verði á kostnað seljanda“, og í kaupsamningi, að „öll álögð gjöld vegna byggingarinnar eru á kostnað seljanda“.

Kaupandi, stefndi Steinþór, hefur lýst því við aðilayfirheyrslu, að hann hafi sett þetta ákvæði í tilboð sitt m. a. með B-gjaldið í huga. Sér hafi verið kunnugt um, að slíkt gjald var lagt á í heimabyggð sinni, Kópavogi, og vilja að hafa allt á hreinu gagnvart slíkum bakreikningum.

Ósannað er, að B-gjaldið hafi verið rætt sérstaklega við stefnanda, hvorki af stefnda né fasteignasalanum. Á hinn bóginn er fram komið, að stefnandi fór á hreppsskrifstofu og gerði upp þær skuldir, er hann var þar krafinn um vegna umræddrar byggingar. Það er ekki upplýsandi um það, hvaða skiln-

ing aðilar lögðu í umrætt samningsákvæði, er þeir sömdu um það sín á milli, að stefndi greiddi umkrafið skipulagsgjald eftir kaupin. Skipulagsgjaldið er samkvæmt 35. gr. laga nr. 19/1964, sbr. rg. 167/1980, hlutfall af brunabótaverði nýbyggingar, og gjaldstofn þess og fjárhæð liggur því ekki fyrir, fyrr en brunabótamat hefur farið fram, en því er ekki haldið fram, að brunabótamat hafi legið fyrir við kaupin.

Samkvæmt framansögðu verður stefnandi að bera hallann af því að hafa undirgengist framangreint samningsákvæði, þar sem miðað var við álagningu og því lausnardag, en ekki eindaga.

Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður. Vísast um þá ákvörðun til annars málsliðar 3. töluliðar 130. gr. l. nr. 91/1991. Úr því að stefndi Steinþór vildi semja sig undan umræddu gjaldi og vissi gjörla um tilvist þess, bar honum samkvæmt góðri viðskiptavenju að nefna gjaldið sínu rétta nafni og tilgreina það, svo að eigi yrði um villst, í tilboði sínu og kaupsamningi. Í stað þess notaði stefndi vandmeðfarið lögfræðilegt hugtak, sem ekki hefur skýra merkingu í hugum almennings, stjórnendur sveitarfélaga ekki ætíð undanskildir, eins og dæmin sanna. Stefndi á því nokkra sök á því, að til málaferla þessara kom, og telst því framangreint málskostnaðarákvæði eiga við.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Steinþór Hlöðversson og Ragnheiður Steinsen, eiga að vera sýkn af kröfum stefnanda, Páls Davíðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
